

Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b, 105 Reykjavík

Reykjavík, 5. júní 2025
UOS2505252/E.S.F.
13.00

Efni: Matsskyldufyrirspurn - Mjólkursamsalan Selfossi - núverandi starfsemi og áframhaldandi uppbygging

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Á Austurvegi 65 á Selfossi er starfsstöð Mjólkursamsölunnar. Á lóðinni eru þau mannvirki sem þarf til að taka á móti mjólk, vinna hana í hinar ýmsu afurðir, pakka, geyma og afgreiða til dreifingar. Einnig er húsnæði fyrir þjónustu, verkstæði, framleiðslu á gufu, hreinsistöð og lagerhúsnæði. Utandyr eru bílastæði fyrir starfsfólk, mjólkurbíla og flutningabíla. Lóðin er skilgreind sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi. Í gildi er deiliskipulag fyrir starfsemina, frá árinu 2006. Núverandi byggingarmagn er um 16.500 m² og er fyrirhugað að auka það um 15.000 m² í áföngum. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er hámarksbyggingarmagn 55.000 m². Undanfarin ár hefur starfstöðin tekið á móti 195 tonnum af mjólk á dag að meðaltali. Miðað við núverandi þróun í mjólkurframleiðslu má áætla að innvigtun mjólkur hjá Mjólkursamsölunni Selfossi gæti orðið allt að 80 milljónir lítra árið 2035 eða um 220 tonn á dag.

Umsögn Umhverfis- og orkustofnunar

Fram kemur í matsskyldufyrirspurninni að miðað við núverandi þróun í mjólkurframleiðslu má áætla að innvigtun mjólkur hjá Mjólkursamsölunni Selfossi gæti orðið allt að 80 milljónir lítrar árið 2035 eða um 220 tonn á dag. Mjólkurvinnsla sem tekur á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli) er starfsleyfisskyld hjá Umhverfis- og orkustofnun og er einnig undir eftirliti stofnunarinnar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að besta aðgengilega tækni fyrir meðferð og vinnslu mjólkur hefur verið skilgreind í „Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Food, Drink and Milk Industries“, 2019 og BAT-niðurstöðum vegna matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðarins.¹

¹ [BAT-niðurstöðum vegna matvæla-, drykkjarvöru- og mjólkuriðnaðarins](#)

Framangreindar BAT-niðurstöður gilda m.a. um starfsemi sem felur í sér meðferð og vinnslu mjólkur eingöngu, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli). Í ljósi núverandi þróunar í mjólkurframleiðslu hjá Mjólkursamsölunni þá bendir Umhverfis- og orkustofnun á að mikilvægt er að horft verið til BAT-niðurstaðna við uppbyggingu starfseminnar og við fjárfestingu í nýjum búnaði fyrir Mjólkursamsöluna. Auk þess kemur fram í tilkynningunni að fráveita frá Mjólkursamsölunni sé í samræmi við lög og reglur en að unnið sé að því að bæta hreinsistöðina. Í því samhengi bendir Umhverfis- og orkustofnun á að í BAT-niðurstöðum fyrir mjólkuriðnað eru gerðar kröfur um að nota sambland af ákveðinni tækni sem þar er skilgreind til að meðhöndla skólps. Þar er einnig gerð krafa um vakta losun ákveðinna efna í vatn og gefin upp losunargildi fyrir þau.

Í ferlinu sem ákvarðar BAT-niðurstöður er gert ítarlegt BAT-tilvísunarskjal (e. BAT reference document; BREF) þar sem gerð er greining á mengun frá umræddri starfsemi. Niðurstöður þeirrar greiningar eru notaðar til að ákvarða mörk og tækni sem tilgreind eru í BAT-niðurstöðum. Í Best Available Techniques (BAT) Reference Document for the Food, Drink and Milk Industries² (einkum 5. kafla) er að finna gagnlegar upplýsingar, t.a.m. leiðir til að lágmarka myndun úrgangs og losun frá mjólkuriðnaði, draga úr vatns- og orkunotkun, leiðir til að endurnýta vatn, lágmarka myndun skólps og minnka ryk- og lyktarmengun.

Í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun skuli taka mið af BAT-niðurstöðum við setningu starfsleyfisskilyrða og því eru skilyrði í starfsleyfum fyrir starfsemi sem fellur undir BAT-niðurstöður og Umhverfis- og orkustofnun gefur út, ávallt í samræmi við þær.

Að öllu framangreindu uppfylltu er það mat stofnunarinnar að áframhaldandi uppbygging Mjólkursamsölunnar sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

² [Best Available Techniques \(BAT\) Reference Document for the Food, Drink and Milk Industries](#)